Plöntur – Eftirlit með innflutningi



Ábyrgð og framkvæmd

1. Tilkynning um innflutta vöru berst í Þjónustugátt MAST, tilkynnandi er tollþjónusta, innflutningsaðili eða fulltrúi hans. Tilkynning og fylgiskjöl stofnast í málinu.

2. Skjöl eru yfirfarin m.t.t. þar að lútandi laga og reglugerða.

3. Uppfylli sending skilyrði sem gerð eru til innflutnings er gefið út MST númer í One málakerfi því til staðfestingar. Tilkynnandi eða umboðsmaður hans getur fært MST númer í reit nr. 14 á tollskýrslu til þess að fá sendingu tollafgreidda.

4. Í þeim tilfellum sem við á, er tollyfirvöldum heimilt að veita undanþágu frá aðflutningsgjöldum að fenginni umsögn MAST. Sé óskað eftir niðurfellingu hakar umsækjandi í þar til gerðan reit. Uppfylli sending kröfur til niðurfellingar gefur MAST út skjal í málakerfi því til staðfestingar.

5. Að vinnslu lokinni er mál sett í innheimtu. Innheimt er tímagjald fyrir aðkomu MAST sem tekur til skjalaskoðunar, eftirlits, innheimtu og annarrar umsýslu.

6. Staða máls uppfærð í „Lokið“. Mál er sent til skjölunar í skjalakerfi.